

Made in mountains ehf.
Flókagötu 6
105Reykjavík

c/o Björk Kristjánsdóttir
info@madeinmountains.is

Reykjavík 8. ágúst 2018
UST201808-007/G.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til hjólreiðakeppni á friðlýstu svæði - Húsafellsskógur

Vísað er til erindis Made in mountains ehf., dags. 1. ágúst 2018 þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til að fara á reiðhjólum um göngustíg innan Húsafellsskógs, föstudaginn 10. ágúst nk. frá klukkan 12:00 til 16:00. Einnig er óskað eftir leyfi til að setja upp merkingar.

Húsafellsskógur er friðlýstur sem friðland, sbr. auglýsing nr. 606/2001 í Stjórnartíðindum B. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl þar í löglegum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Made in mountains ehf. stendur fyrir hjólreiðakeppninni Glacier 360 þar sem hjólað er í kringum Langjökul. Hluti leiðarinnar liggur um gamlan akveg í Húsafelli, sem nýttur er fyrir göngu- og hestamenn í dag. Kafli var valinn á fyrstu dagleið keppinnar í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur. Áætlaður fjöldi þátttakenda er 54.

Þegar keppendur koma að Húsafelli verða þeir að hjóla tveir og tveir saman, ekki í stórum hópum, og hjóla beint í gegnum svæðið. Oftast hefur dreifst vel úr hópnum á þessum stað þannig að það geta liðið margar mínútur ef ekki klst. á milli fólks. Búið verður að afmarka stíginn með borðum og merkingum þar sem gæti komið upp vafi hvert og/eða hvar skal hjóla ekki síst ef leiðin er ógreinileg. Sótt er um leyfi til að setja merkingarnar upp en þær verða festar með teini niður í moldina (myndir fylgja í viðbótarupplýsingum með umsókninni). Farið er inn á stíginn af Þjóðvegi 550 og endamark er við sundlaugina í Húsafelli. Þar taka tveir starfsmenn keppinnar á móti keppendum og verða fánar og merkingar settar upp með leyfi sundlaugarinnar/Hótel Húsafells. Annað starfsfólk keppinnar mun þjónusta keppendur á tjaldsvæðinu. Engar drykkjarstöðvar eða annar búnaður verður settur upp. Það varðar brottvísun úr keppninni án viðvörunar að hjóla utan brautar og/eða henda rusli.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að framkvæmd keppinnar muni valda spjöllum á friðlýstum náttúruminum og að rask verði minniháttar ef farið verður að þeim skilyrðum sem sett eru í leyfi þessu. Telur stofnunin litlar líkur á að keppnin muni hafa áhrif á verndargildi friðlandsins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun heimilar því, fyrir sitt leyti, að hluti hjólreiðakeppinnar Glacier 360 2018 verði haldinn innan friðlandsins í Húsafelli með eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafið þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Stjórnendur tryggja að við þjónustu vegna keppinnar verði ekki ekið utan brautar og að þjónustubifreiðum verði eingöngu ekið á merktum vegum.
- Stjórnendur keppinnar upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hjólaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri utan hennar. Brynast er að passa vel upp á framangreint og merkja leiðina vel á viðkvæmum svæðum.
- Aðstandendur keppinnar tryggja að ekki verði skilið eftir neitt rusl á víðavangi, hvorki á/við keppnisleiðna, á áningarstöðum, né á upphafs- og endastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar, flögg, sem notuð verða til að merkja hjólaleiðina verði fjarlægð strax að keppni lokinni.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan stíga að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir að þátttakendur haldi sig líka á stígum og/eða vegum utan hins friðlýsta svæðis sbr. 19.gr. náttúruverndarlaga og minnir stofnunin einnig á að óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega sbr. 31. gr. sömu laga.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,



Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Linda Björk Hallgrímsdóttir
Sérfræðingur